

Jafnréttisáætlun íþróttafélagsins Gróttu

Markmiðið með áætluninni er að tryggja jafnrétti kynjanna og stuðla að eðlilegri kynjaskiptingu í allri starfsemi íþróttafélagsins Gróttu (ÍG).

Leiðir til þess að ná markmiðunum er að finna í áætluninni.

Umfang jafnréttisáætlunar

Jafnréttisáætlun ÍG nær til allrar starfsemi félagsins, starfsmanna þess, hvort heldur er um að ræða fastráðna starfsmenn eða verktaka. Þá nær áætlunin einnig til þeirrar starfsemi og þjónustu sem veitt er af félaginu.

Nefndir og ráð

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ÍG skal huga að því að hlutfall kynjanna sé sem jafnast.

Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Kynbundin áreitni og/eða kynferðisleg áreitni er með öllu óheimil hvar sem komið er fram undir merkjum, eða í nafni ÍG. Starfsmenn ÍG bera ábyrgð á að þess sé gætt að iðkendur og aðrir sem koma að starfi ÍG verði ekki fyrir kynferðislegu, né kynbundnu áreitni. Verði uppvíst um slíka hegðun ber að gera ábyrgðarmanni ÍG viðvart og skal endir bundinn á hana. Þolandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Alvarleg eða endurtekin áreitni varðar áminningu, brotrekstur úr starfi og/eða æfinga- og keppnisbanni.

Fræðsla og leiðsögn

Aðalstjórn skal hvetja til fræðslu um jafnréttismál og leiðir til þess að jafna stöðu karla og kvenna. Aðalstjórn leitast eftir því að fræða sína starfsmenn eftir því sem þörf er talin á slíku, eða að starfsmenn ÍG óski eftir slíkri fræðslu.

Jafnrétti meðal starfsmanna ÍG

ÍG leggur áherslu á jafna stöðu starfsmanna sinna. Þjálfurum og leiðbeinendum standa til boða sömu námskeið og fræðsla, til að tryggja gæði þjálfunar ÍG til iðkenda sinna.

Þjálfarar og leiðbeinendur þiggja laun fyrir sín störf eftir menntun og reynslu, án tillits til kynferðis.

Jafnrétti meðal barna, unglinga og annarra iðkenda

ÍG er í góðu samstarfi við opinberar stofnanir á Seltjarnarnesi. ÍG gætir þess, í góðu samstarfi við aðrar uppeldisstofnannir, að báðum kynjum sér gert jafn hátt undir höfði hvað varðar aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Í íþróttanámskrá ÍG skal gæta að því, að kynjum sé ekki á nokkurn hátt mismunað.

ÍG leitast eftir því að tryggja jafnan aðgang beggja kynja að æfingaaðstöðu og aðbúnaði hverju nafni sem það nefnist. Þá leitast ÍG eftir því að gerðar séu sömu kröfur til þjálfara/leiðbeinanda beggja kynja.

Endurskoðun og kynning

Jafnréttisáætlunin ÍG er lifandi plagg og því til endurskoðunar á öllum tímum. Nýkjörin aðalstjórn ákveður þó í upphafi hvers starfstímabils hvort þörf sé á endurskoðun gildandi jafnréttisáætlun.

Jafnréttisáætlun ÍG skal kynnt starfsmönnum ÍG þegar þeir hefja störf hjá félaginu. Þá skal jafnréttisáætlun ÍG kynnt á foreldrafundum félagsins auk þess að vera aðgengileg á heimasíðu félagsins.